

150 taldar skemmdir, skulu þær metnar af þremur dómkvöddum mönnum. Hvor aðili, 31. júlí sem ekki vill una mati, getur krafizt yfirmats, en gera skal það áður en 14 dagar eru liðnir frá því að matsgerð er lokið.

Yfirmat skal framkvæmt að fimm dómkvöddum mönnum. Kostnað við mat greiðir sá aðili, sem mats krefst, ef matsgerð breytir ekki gerðu samningstilboði eða undirmati meira en um 10% honum í vil, ella hinn aðilinn.

19. gr.

Að öðru leyti en hér er fram tekið, fer reglugerðin eftir lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000.00 — tíu þúsund — kr., nema þyngri refsing liggir við samkvæmt lögum.

21. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir bátabryggjuna og bátappaþrið á Blönduósi, nr. 185 13. nóvember 1941, ásamt breytingu nr. 118 1. ágúst 1944.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1951.

Ólafur Thors.

Brynjólfr Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hofsóskaupþún, nr 13 12. jan. 1950.

1. gr.

Öll vörugjöld samkvæmt 30. gr., 1.—2. tölulið, innheimtast með 40% viðauka, að undanskildum 2. flokki 2. töluliðs.

Vörugjald samkvæmt 30. gr., 2. flokki 2. töluliðs (útflutt sild), innheimtist með 100% viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi nú þegar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1951.

Ólafur Thors.

Brynjólfr Ingólfsson.